

Notagildi og nýting gervigreindar í störfum sjúkrabjálfa

Gauti Björn Jónsson, Guðmundur Örn Guðjónsson, Tómas Elí Jafetsson, Atli Ágústsson og **Björg Guðjónsdóttir**

Námsbraut í sjúkrabjálfun, Heilbrigðisvísindasvið, Háskóli Íslands

Inngangur

Gervigreindarforrit eins og ChatGPT-4 geta eftt klínískt mat og meðferðaráætlanir í sjúkrabjálfun. Þrír nemendur sjúkrabjálfun gerðu BS-verkefni þar sem þeir skoðuðu notagildi ChatGPT-4 í meðferðarferli sjúkrabjálfunar.

Markmið

Meta notagildi ChatGPT-4 við töku sjúkra- og félags sögu, klíníska skoðun, draga saman niðurstöður klínískrar skoðunar og setja markmið fyrir meðferð. Einnig var beðið um meðferðaráætlun. Frammistaða ChatGPT var borin saman við frammistöðu sjúkrabjálfa.

Efniviður og aðferðir

Tilviksrannsókn (case study) úr *Physical Therapy* um sjúkling sem fór í aðgerð vegna rotator cuff rifu var notuð. Báðir aðilar fengu sömu grunnupplýsingar (ICD-10 greiningu og aðgerðasögu).

ChatGPT-4 fékk ákveðin fyrirmæli (prompts) gegnum allt ferlið. Rannsakendur gáfu upp þær upplýsingar úr sögu sem gervigreindin spurði um. Í framhaldinu ákvað hún hvað ætti að skoða þ.e. mælingar og sérpróf og fékk niðurstöðu úr þeim.

Sjúkrabjálfi tók sögu og sagði hvað hann vildi skoða án þess að fá fyrirmæli. Hann fékk þær upplýsingar um sjúklinginn sem hann bað um.

Gerður var samanburður á hvaða upplýsingar gervigreindin og sjúkrabjálfi báðu um og hvaða ályktanir þau drógu út frá upplýsingunum.

Niðurstöður

Gervigreindin spurði meira um almenna heilsu, athafnir og þátttöku, sjúkrabjálfi.. Einnig var gervigreindin var með ýtarlegri hugmyndir um skoðun en sjúkrabjálfi, sumt sem gervigreindin vildi skoða var þó frábending svo fljótt eftir aðgerð (rautt flagg).

Gervigreindin setti fjögur formleg markmið en sjúkrabjálfi setti engin markmið.

Þegar kom að meðferðaráætlun kom gervigreindin með ítarlega áætlun og skilgreinda tímalínu. Sjúkrabjálfi talaði um að aðlaga meðferð að svörum sjúklings án þess að setja fram áætlun.

Ályktanir

Með vönduðum fyrirmælum getur gervigreind verið gagnlegur stuðningur við skoðun og meðferð og hjálpað til við klíníska rökhusun. Hún þekkir ekki nægilega „rauð flögg“, og getur því ekki komið í staðinn fyrir sjúkrabjálfa. Þörf er á frekari, rannsókn á notkun gervigreindar í sjúkrabjálfun.